

S T A R F S S K Ý R S L A

skógarvarðarins í Eyjafirði fyrir árið 1956.

Veðurfar var hagstætt fyrri hluta vorsins og meiri raki í jörðu meðan gróðursetning stóð yfir en undanfarin vor. Kuldakaflar komu í júní, júlí og ágúst voru kaldir, en fjóra síðustu mánuði ársins var milt veðurfar. Samkvæmt veðurathugun á Akureyri verður samanburður á meðalhita og úrkomumagni síðustu ár eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Mán.	1951		1952		1953		1954		1955		1956	
	Með- álh. magn	úrsk. magn	Með- álh. magn	úrsk. magn	Með- álh. magn	úrsk. magn	Með- álh. magn	úrsk. magn	Með- álh. magn	úrsk. magn	Með- álh. magn	úrsk. magn
Jan.	-3,5	70,0	-2,9	79,9	-0,4	32,4	1,5	43,5	-3,5	44,3	-3,9	98,7
Febr.	-0,9	46,9			-0,8	48,1	-0,4	17,7	-5,8	25,6	2,7	40,8
Mars	-4,9	06,1	0,4	29,2	2,0	42,8	-0,4	62,9	-0,7	25,3	3,0	28,8
Apr.	-1,8	36,6	1,0	69,7	-2,1	85,9	4,2	20,5	4,6	17,1	1,8	44,5
Mái	7,5	8,1	5,0	17,0	6,4	6,9	6,9	20,8	4,9	17,8	6,3	33,3
Júní	8,0	20,0	5,9	22,0	11,7	15,5	8,6	24,1	9,7	27,5	7,7	19,5
Júlí	10,5	27,6	10,2	39,7	10,8	51,2	9,4	26,4	13,3	21,1	9,6	17,8
Ág.	9,4	49,7	8,8	44,2	10,7	30,4	10,1	32,1	12,2	24,5	7,9	26,0
Sept.	7,4	65,7	6,7	46,0	9,2	25,4	4,1	77,4	7,4	37,9	7,9	51,9
Okt.	4,4	22,8	5,2	70,1	3,9	86,4	2,1	52,7	1,3	32,9	3,9	40,2
Nóv.	-0,3	19,8	1,4	2,7	3,3	72,5	2,1	60,8	2,3	33,7	4,8	17,7
Des.	-1,5	90,6	0,0	66,2	2,8	42,7	-2,1	47,9	-4,1	56,6	1,0	46,1
Ár	2,9		3,3		4,7		3,9		3,5		4,4	
"		573,9		535,7		640,2		486,8		364,3		445,6

Kaldur SV stormur, sem gekk yfir skómmu eftir að tré voru farin að laufgvast, hafði lamandi áhrif á allan trjágróður. Blöð á feyni, ösp, hegg og gullregni sölnuðu og fengu svartar rendur. Laufgvun stöðvaðist að mestu. Tré voru þó orðin samilega laufgyuð um miðjan júní. Í haust voru tré aflaufgvuð um mánaðarmótin okt. nóv. Vöxtur var misjafn. Lerki spratt með minnsta móti og fékk aldrei eðlilegan lit eða fullt barr, ekki elstu trén í Gróðrarstöðinni og Grundarreitnum, hvað þá ungviði. Vöxtur á birki var fremur lítill, miklu minni en 1955, en það fór óvenju snemma að búa sig undir fræmyndun. Sumstaðar bar nokkuð á birkimaðki, en hvergi verulega. Vöxtur á greni var allgóður og vöxtur á skógarfuru með besta móti. Var óvenjulega góður vöxtur á furu, sem gróðursett var í vor og lítil afföll, sem að líkindum má fyrst og fremst þakka því, að raki jarðvegsins var meiri í vor en venjulega. Við gróðrarstöð Skógraktarfélags Eyfirðinga og hirðingu á Gróðrarstöð Rf. Nl. störfuðu, auk mín, einn maður í 7 mán. - mánaðarl. 4 - 4,2 þús. kr. Þrjár unglingsstúlkur í tvo og halfan mán. með timakaupi og enn fremur nokkrir unglingar í vor.

Girðingar komu ekki mjög illa undan vetri. Þó þurfti að gera verulegar umbætur á girðingunni um Vaðlaskóg. Þar er mjög slæmt girðingarstaði. Viðhaldskostnaður við girðingarnar um Grundarreit og Vaglareið var mjög lítill.

Ný girðing var sett upp á árinu í landi Skriðu í Hörgárdal. Er það félagsreitur Skógræktarfélags Skriðuhrepps. Eg hef mælt þennan reit og fært hann á spjaldskrá. Byrjað var að gróðursetja í þennan reit síðast liðið vor.

Ný girðing var einnig sett upp að Auðbrekku í Hörgárdal. Lagði Skógrækt ríkisins til meginefni girðingarinnar. Eg hefi athugað þetta land og mælt út girðingarstaði, en ekki mælt girðinguna ennþá síðan hún kom upp. Gaddavír er fyrir hendi í nokkrar smágirðingar, sem ekki hefir enn verið byrjað á. Flestir óska að fá vírnet, ef þess er kostur.

I. Grisjun hefir verið framkvæmd í nóv. í Vaðlaskógi og Garðsárgili og svölitið í des. í Grundarreit. Var selt furulim þaðan fyrir jólin fyrir kr. 591,00.

V. Gróðrarstöð Skógræktarfélags Eyfirðinga var starfrækt eins og að undanfögnu og unnið að stækkun hennar. Hún er aðallega í Kjarna-landi, en einnig að nokkru leiti í Gróðrarstöð Rf. Nl. Á báðum stöðunum voru framlangdar og endurbættar vatnsleiðslur og þarf þó enn um að bæta, einkum í Kjarnareitunum. Mómold, sandur og húsdýraáburður var tætt saman við moldina í sáðreitunum, en þeir eru að mestu leiti í Gróðrarstöð Rf. Nl. að þessu sinni (sáningin 1956). Enn fremur var borinn tilbúinn áburður í alla sáðreiti og aðra græðireiti. Tæpl. 80 ferm. af sáðbeðunum eru undir gleri. Sáning í vor var eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Birki	Rauðgr.	Sitkagr.	Lerki	Lerki	Fjalla-	Brodd-	Hvít-	Sembra-
Bæjarst.	N-Helgó	Kord	Ark.	Komsom	þinur	og blágr.	þinur	fura
land	Alaska	Sib.	A.S.S.	RSapin	Sapin	Sapin	Hakask.	
Ferm.	ferm.	ferm.	ferm.	ferm.	ferm.	ferm.	ferm.	ferm.
144	60	52	2	20	32	40	30	6
Skógarfura	Balsamþinur	Balsamþinur	Reynir					Vor-og haust-
W 50	Prufa 21	prufa 22	Gróðrarst.	Ak.				sán. samtals
ferm.	ferm.	ferm.	ferm.					ferm.
50	10,5	10,5	20					477

Dreifsett var sem hér segir:

Sib.lerki	2/o	3982	pl.	Broddgreni	2/o	20769	pl.
Sitkagreni	2/o	1060	"	Blágreni	2/3	1043	"
Do	2/3	27	"	Hvítgreni	2/3	448	"
Skógarfura	2/o	4092	"	Birki	3/o	11104	"
Do	3/o	42306	"	Reynir	2/o	4902	"
Samtals							89733 pl.

Græðlingar voru settir niður sem hér segir:

Pingviðir	Gulviðir	Alaskaösp	Heggur	Selja	Ribs	Ólber
3000	4000	1850	500	150	1000	500
Samtals						11000

III.

Mjög lítið verður af plöntum til dreifsetningar næsta vor, vegna lélegrar spírunar 1954 og lítillar sprettu síðast liðið sumar.

Skógarplöntur afhentar úr gróðrarstöð félagsins vorið 1956:

	Birki	Skógar- fura	Rauð- greni	Blá- greni	Hvít- greni	Sitka- greni	Alls
3/o	9865	20645					
2/2	5572	2305	640	2457	2931	25	44440

Garðplöntur afhentar úr gróðrarstöð félagsins vorið 1956:

Birki	Reyn- ir	Gul- víðir	Þing- víðir	Alaska- ösp	Lerki	Greni	Fura	Geit- bl.	Hegg- ur	Alls
1419	1182	260	411	152	54	314	38	33	27	3890

Áætlun um skógarplöntur til gróðursetningar vorið 1957:

Birki	2/2	6000	pl.
Hvítbirki (Alaska)	3/o	4000	"
Skógarfura	2/2	2000	"
Rauðgreni	2/3	6000	"
Hvítgreni	2/3	2000	"
			<u>20000</u>	

Gróðursetning vorið 1956:

Skógarreitir	Birki	Skógar- fura	Blá- greni	Hvít- greni	Rauð- greni	Sitka- greni	Sib. lerki	
<u>Skógrækt rík.</u>								
Grundarreitur		1500					500	
Vaglारेitur		1500					500	4000
<u>Skógræktarfélag.</u>								
<u>Eyfirðinga</u>								
Vaðlaskógur		4700			2000			
Miðhálsstaðir		5000	500	2500				
Kjarnaland	1000	1600			500			
Leyningshólar							500	18300
<u>Skógr.fél.Ak.</u>								
Kjarnaskógur	2992	10200	1150			1800	900	
Ak-brekkur	410	100						
Botn	400	2600						20552
<u>Aðrar deildir</u>	7935	1085	10	120	140	900	870	11060
<u>Einst. og minn- ingarlundir</u>	2700	265	797	311		325	700	5098
<u>Samtals</u>	15437	28550	2457	2931	2640	3025	3970	59010

Engu trjáfræi var sáð í skógarreitum. Safnað var fræi af reyni og ýmsum runnum í Gróðrarstöðinni.

Nokkru meira var gróðursett með starfsliði félagsins en áður og þyrfti það að aukast, ef fjárráð leifðu, því misjafnari vinnubrögð hjá sjálfboðaliðum, einkum ef fjölmenni er á sama stað. Þar athuganir, sem eg hefi gert undanfarin ár í reitum Skógræktarfélags Eyfirðinga, benda þó til þess, að þetta sé ekki veigamesta orsök til affalla, þó hún sé ein af mörgum. Samkvæmt þeim athugunum, vildi eg flokka orsakirnar á þessa leið:

1. Langvarandi þurkar. Plönturnar veslast upp, vegna þess að þar fá ekki nægan raka úr jarðveginum. Þetta hefir komið verst niður á furu 3/0 þar sem ræturnar ná skammt niður í jarðvegin. Þar mest á þessu þar sem þurlendast er s.s. í Leyningshólum og Vöglum á Þelamörk, og mest í þurkasumrum t.d. 1954 og 1955.
2. Skemmdar plöntur. Rætur þeirra hafa þornað, myglað eða rotnað í geymslu eða meðferð frá því þar voru teknar upp og þar til þar voru gróðursettar. Árgangarnir frá 1948 og 1959 eru glöggð dæmi um þetta.
3. Magur jarðvegur. Plöntur, sem koma úr allsnægtum gróðrarstöðvanna standa í sveltu meðan þar berjast við myndun meira rótarkerfis.
4. Of mikill grasvöxtur. Þar, sem jarðvegur er frjór og grasgróður fyrir, verða smáplöntur með litlu rótarkerfi undir í samkeppni um næringu og birtu.
5. Óvandvirkni við gróðursetningu.
6. Kuldar og hretviðri, þegar vöxtur árssprota er að byrja.
7. Mikil næturfröst að sumarlagi, meðan plöntur eru í vexti.

Fleiri meðvirkandi orsakir munu stundum vera að verki.

- Engar byggingarframkvæmdir hafa verið á árinu, nema viðhald á geymslu Skógræktarfélags Eyfirðinga.
- Vegagerð. Nokkur lagfæring var gerð á veginum upp í Kjarnaland og meðfram reitunum.
- Leiðbeiningar og ferðalög. Eg fór tvær ferðir til Ólafsfjarðar. Í sumar maldi eg þar skógarreit, sem hefir verið gróðursett í nokkur undanfarin ár. Í vetur sýndi eg þar kvikmyndina "Fagur er dalur" og nokkrar skuggamyndir. Í vor leiðbeindi eg við gróðursetningu, eftir því sem við varð komið. Þá fór eg nokkrar ferðir til þess að mæla skógargirðingar og gera athuganir á gróðri í þeim.
- Trjámaðlingar. Nokkrar athuganir voru gerðar á vexti árssprota og hæð trjána í sumum reitum. Í Vaðlaskógi eru hæstu birkiplönturnar orðnar yfir 4 m. Hæstu furu pl. mældust 2,0 - 2,73 m. og árssprotar þeirra 15 - 29 sm. Rauðgreni 38 - 112 sm. á hæð með 4 - 10 sm. ársspr. Blágreni 80 - 159 á hæð með 9 - 19 sm. ársspr. Bestu skógarfurur gróðursettar 1949 mældust 33 - 107 sm og ársspr. þeirra 13 - 26 sm. Úrv. af Sib. lerki gróðursettu 1951 mældist 145 - 202 sm á hæð og ársspr. 7 - 38 sm. Svipaðar athuganir voru gerðar í öðrum reitum félagsins og einnig í nokkrum reitum deildum og einstaklinga.
- Margir lögðu leið sína í Gróðrarstöð Rf. Nl. í sumar og skoðuðu þá jafnframt uppeldisreitina. Gullregnið sunnan við íbúðarhúsið vakti mikla athyggli meðan það stóð í blóma. Þrátt fyrir áfallið í vor blómgaðist það mjög vel. Meðal þeirra, sem komu sérstaklega til þess að kynna sér vaskógargróðurinn, var skógafræðingur frá Canada, sem var hér á ferð í vor í fylgd með Baldri Þorsteinssyni, fulltrúa. Fyrir jólin ánaðist eg, eins og áður, sölu á jólatrjáum og greinum fyrir Landgræðslusjóð og seldi einnig dálítið af furulimi úr Grundarstöðinni.

Akureyri 5. jan. 1957

A. Þorsteinsson